



483. Stjórnarfundur haldinn 15. febrúar. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá Einari Haraldssyni v/ framboðs til formanns Keflavíkur 2017 - 2018. *Móttekin.*

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjaneshöllina v/ gáma við æfingasvæðis fyrir aftan Reykjaneshöllina. *Móttekin og framkvæmdastjóra falið málið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ /lög UMFÍ, nefndarálit og greinagerð á samt glærukynningu. *Móttekið og frestað. Ný stjórn tekur þetta svo upp.*

Tölvupóstur frá Sólborgu A. P. v/ leigu á sal. *Móttekið og framkvæmdastjóra falið málið.*

3. Send bréf.

Boðsbréf vegna aðalfundar send út.

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur 2017.

Allar deildir félagsins hafa haldið sína aðalfundi. Nokkrar umræður urðu um aðalfund knattspyrnudeildar. Reksturinn er þungur hjá flestum deildum félagsins.

5. Aðalfundur Keflavíkur.

Minnisblað liggur fyrir fundinum. Farið yfir minnisblaðið. Fundurinn verður haldinn þann 21. febrúar kl. 18:00. Skýrsla aðalstjórn og reikningar eru tilbúnir. Sunddeild Keflavíkur sér um veitingar.

6. Önnur mál.

Aðalstjórn Keflavíkur sendir kvennaliði körfuknattleiksdeildar sem urðu Maltbikarmeistarar 2017 og stjórn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur innilegar hamingju óskir með titilinn. Frábær árangur hjá þessu ungu stúlkum.

EH sagði frá framkvæmdastjórnarfundum sambandsaðila UMFÍ sem hann sótti.

Kristján Hjálmarsson frá H:M Markaðssamskiptum og Edda Hermannsdóttir frá Íslandsbanka voru með erindi á fundinum.

EH tók einnig þátt í umræðupartý UMFÍ sem um sextíu ungmenni sóttu auk nokkra framkvæmdastjóra sambandsaðila UMFÍ.

Fréttabréf UMFÍ (Ferð til Danmerkur á Danska Landsmótið 28. júní – 3. júlí ætlað framkvæmdastórum og forráðamönnum aðildarféлага).

BMB kom inn á bardagahúsið á Iðavöllum. Spurðist fyrir hvort sá samningur sem gerður var við eiganda hússins væri að renna út. EH sagðist ekki vita um það.

Næsti fundur verður boðaður

Fundi slitið 19:15

Fundinn ritaði BS.

